

Myndin sýnir fyrsta tækið til blóðgasamælinga á Íslandi. Tækið er af gerðinni Radiometer Astrup Micro Equipment og var framleitt af Radiometer í Kaupmannahöfn. Það var tekið í notkun 1965 á Heilsuverndarstöðinni, en var flutt á Borgarspítalann árið 1967. Þar var það notað til mælinga allt til ársins 1979. Mynd: Ísleifur Ólafsson.

Af hverju eru blóðgös kennd við Astrup á Íslandi?

Gunnar Guðmundsson

læknir

Ísleifur Ólafsson

læknir

Margir íslenskir læknar hafa furðað sig á því í gegnum tíðina að þegar þeir hafa farið til framhaldsnáms erlendis hefur enginn kannast við að blóðgös séu kennd við Astrup heldur eru þau einfaldlega kölluð blóðgös. Hver er þá þessi Astrup sem Íslendingar halda svona mikið uppá? Poul Astrup var klínískur efnafræðingur í Danmörku sem fæddist árið 1915 og lést árið 2000. Hann var einn af þremur mikilvægum hönnuðum tækni sem rann svo saman í því sem eru blóðgasamælingar nútímans. Hann fann upp nýja aðferð við sýrustigsmælingar á blóði upp úr 1950.

Á svipuðum tíma kom Richard Stowe í Bandaríkjunum með aðferð til að mæla hlutþrýsting koltvísýrings í blóði. Árið 1954 fann Leland Clark upp pO_2 elektróðuna. Nútímataeki notast við þriggja elektróðu tækni til að mæla pH, pCO_2 og pO_2 og aðferðir Astrups eru löngu af-lagðar. Til gamans má geta þess að Poul Astrup kom margoft til Íslands og hélt hér fyrirlestra.

Hann átti íslenskan tengdason. Radiometer A/S framleiddi mælitæki sem báru nafn Astrups og voru lengi notuð á Íslandi (sjá mynd) og þannig hefur nafnið fest sig í sessi hér á landi. Nú er við hæfi að leggja af nafn Astrups og kalla mælingarnar blóðgös. Það veldur engum ruglingi því



allir skilja hvað átt er við og ekki er verið að taka nafn eins uppfinningamanns fram yfir annan.

Heimild

Severinghaus JW, Astrup P, Murray JF. Blood gas analysis and critical care medicine. *Am J Respir Crit Care Med* 1998; 157: S114-22.